



Alþingi
Erindi nr. P 131/1840
komudagur 6.5.2005

Álit

um frv. til l. um Ríkisútvarpið sf.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Með vísan til bréfs formanns menntamálanefndar frá 2. maí sl. veitir meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar eftirfarandi álit um 643. mál, frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Vilberg Guðjónsson frá menntamálaráðuneyti, Ragnheiði Snorradóttur frá fjármálaráðuneyti, Sigurbjörn Magnússon hrl., Finn Magnússon hdl., Gylfa Arnbjörnsson frá ASÍ, Indriða H. Þorláksson ríkisskattstjóra, Þorstein Þorsteinsson frá Ríkisútvarpinu og Guðlaug Stefánsson frá Samtökum atvinnulífsins.

Nefndin beindi sjónum sérstaklega að 11. gr. frumvarpsins um tekjustofna og tekur álit þetta ekki til annarra þátt þess. Í umfjöllun nefndarinnar kom m.a. fram að embætti ríkisskattstjóra teldi ekki sérstök vandkvæði við að innheimta gjaldið sem mælt er fyrir um í frumvarpinu en að þar þurfi ef til vill að gera nánari grein fyrir þeirri undanþágu sem þar er gerð frá ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt um undanþágu fyrirtækja og stofnana sem ríkissjóður rekur og ber ótakmarkaða ábyrgð á, sbr. 1. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003. Þessa athugasemd telur meiri hlutinn rétt að menntamálanefnd athugi vandlega.

Að þessu virtu gerir meiri hlutinn ekki athugasemdir við þá gjaldheimtuleið sem valin er í frumvarpinu en ekki vannst tími til að bera hana saman við aðrar leiðir sem mögulegar hefðu verið.

Meiri hlutinn mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 6. maí 2005.

Pétur H. Blöndal, form.
Birkir J. Jónsson.
Birgir Ármannsson
Drífa Hjartardóttir
Siv Friðleifsdóttir

EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTANEFND